



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

**Umsögn Norðurorku hf. um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003,
740 mál.**

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.
Norðurorka lýsir ánægju með að gildistöku ýmissa ákvæða raforkulaga skuli frestað til 1. janúar 2005 en telur að miðað við stöðu mála og ónógan undirbúning á flestum sviðum mætti að skaðlausu fresta gildistöku til 1. janúar 2006 og öðrum ákvæðum svo sem um valfrelsi almennra notenda til 1. janúar 2008.
Norðurorka hf. visar einnig til áður gerðra athugasemda frá fyrirtækinu, eftir því sem við á, við raforkulög (frumvörp) nr. 65/2003.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 3. gr. Norðurorka hf. telur með öllu ónauðsynlegt að þrengja ákvæði um tengiskyldu og telur eðlilegt að ráðherra hafi víðtækt leyfi til að gefa undanþágur frá tengiskyldu minni virkjana. Frumvarpinu er i grundvallaratriðum ætlað að auka frelsi á roforkusviði með það fyrir augum að lækka raforkuverð. Það er því óeðlilegt að þrengja að hugsanlegum möguleikum til þess að svo megi verða með ákvæðum sem geta haft þveröfug áhrif.

Í 9. gr. Þar er m.a. fjallað um “heimild til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli”. Norðurorka gerir ekki athugasemd við þá ákvörðun, en telur að leita þurfi allra leiða til að lækka þann kostnað sem verið er að gera tillögu um að niðurgreiða..


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir umtalsverðri breytingu á arðsemismörkum dreifiveitna sbr. 9.gr. Í lögum var ákveðið að þessi mörk miðuðust við 2% sem lágmark og yrðu ekki hærri en 2% yfir markaðsávöxtun óverðtryggðra rikiskuldabréfa til fimm ára, eða sambærilegar bréfa.

Með þessari breytingu er verið að lækka þessi arðsemismörk verulega. Auk þessa er bætt inn ákvæði þess efnis að tekjumörk séu sett til þriggja ára í senn. Þá er sett inn ný bráðabirgðaákvæði þess efnis að í upphafi skuli þessi arðsemismörk aðeins vera helmingur framangreindrar viðmiðunar, en skuli hækka á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um í frumvarpinu. Þá eru jafnframt sett þau markmið í frumvarpið að aukin arðsemisviðmiðun geti haldist i hendur við hagræðingu svo að ekki þurfi að koma til gjaldskrárhækkana af þeim sökum.

Eðlilegt er að fyrirtækin hafi þokkalega afkomu til að sinna hlutverki sínu og vera í eðlilegri þróun. Þá er jafnframt eðlilegt að þau geti skilað viðunandi ávöxtun af þeim fjármunum eigenda sem bundnir eru rekstri þeirra. Engin rök eru fyrir þessari breytingu. Það mat að núverandi lög hafi þau áhrif að raforkuverð hækki óeðlilega á komandi árum eru ófullnægjandi rök til að breyta þessari afkomuviðmiðun. Sífelldar breytingar í rekstarumhverfi og ný viðhorf löggjafans frá ári til árs eru fullkomlega óásættanleg. Sýnilegt er að frumvarpið endurspeglar þau viðhorf að sífellt sé hægt að hagræða í rekstri og koma á þann hátt í veg fyrir hækkanir. Hagræðingarkrafa er sjálfsögð og eðlileg í öllum rekstri, en traust afkoma tryggir líka gæði vöru og þjónustu.

Norðurorka hf. varar við því að arðsemi dreifiveitna og flutningsfyrirtækis sé minnkuð um 2% og takmörkuð til bráðabirgða á þann hátt sem gert er í 12. gr og telur að engin rök séu fyrir breytingu frá núgildandi lögum. Jafnframt telur Norðurorka hf. að of stífar hagræðingarkröfur muni koma fram í minnkandi afhendingaröryggi og rýrari vörugæðum. Það eru því eindregin tilmæli að við þessa endurskoðun laganna verði þessari arðsemiskröfu ekki breytt frá eldra ákvæði og að hún taki að fullu gildi samhliða frumvarpinu..

Virðingarfyllst,
Akureyri 14. apríl 2004.
Fh. Norðurorku hf.



Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.